

FRÁSÖGN

af fjarfundu þingmannanefndar um norðurslóðamál 10. febrúar 2022.

Fjarfundur þingmannanefndar um norðurslóðamál (SCPAR) var haldinn 10. febrúar. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Líneik Anna Sævarsdóttir, formaður, og Arna Gerður Bang, ritari. Helstu mál á dagskrá voru skipulagning næstu ráðstefnu nefndarinnar, sem fyrirhugað er að halda í Nuuk í byrjun september, og vinna við yfirlýsingu ráðstefnunnar. Þá var rætt um starfið fram undan og stöðu ríkjanna á tímum heimsfaraldurs. Grænenska þingkonan Aaja Chemnitz Larsen, formaður þingmannanefndarinnar, stýrði fundinum og bauð nýja fulltrúa velkomna en kosningar hafa farið fram í fjórum af aðildarríkjunum átta frá síðasta fundi nefndarinnar.

Fyrsta mál á dagskrá var kynning formanns nefndarinnar, Aaju Chemnitz Larsen, á störfum nefndarinnar frá síðasta fundi sem var haldinn rafrænt í apríl 2021. Larsen greindi frá því að hún hefði sent bréf til utanríkisráðherra aðildarríkjanna um yfirlýsingu síðustu ráðstefnu CPAR sem haldin var rafrænt í apríl 2021. Þá ætli hún að fylgja bréfinu eftir síðar og spyrja um stöðuna varðandi framkvæmd ráðstefnuyfirlýsingarinnar. Er það gert að fyrirmynd Íslandsdeildar þingmannanefndarinnar sem sendi árið 2018 yfirlýsingu ráðstefnunnar í Inari til utanríkisráðuneytis Íslands og óskaði eftir upplýsingum um stöðu framkvæmdar einstakra liða yfirlýsingarinnar. Ráðuneytið brást vel við beiðninni og sendi Íslandsdeild upplýsingar um stöðu 37 liða af 43. Markmiðið með þeirri vinnu var að fá betri yfirsýn yfir starf nefndarinnar og hvaða vinna hefði skilað sér til Norðurskautsráðsins. Þá getur framtakið nýst í starfi nefndarinnar, m.a. við gerð ráðstefnuyfirlýsinga, til að koma í veg fyrir endurtekningar og til að sjá hverjar af tillögum nefndarinnar eru sýnilegar í yfirlýsingu Norðurskautsráðsins.

Larsen kynnti einnig nýtt vefsvæði og Facebook-síðu fyrir nefndarmönnum. Hún sagðist ætla að verja 30% af vinnutíma sínum í að sinna formennsku í þingmannanefndinni og óskaði eftir hugmyndum frá nefndarmönnum um það hvernig gera mætti starf nefndarinnar sýnilegra, t.d. á samfélagsmiðlum. Þá sagði hún frá fundi sem nefndin hefði staðið fyrir í tengslum við Hringborð norðurslóða sem fer fram í Reykjavík í október 2021. Enn fremur hefðu þingmenn norðurslóða og Efnahagsráðs norðurslóða skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis að treysta samstarf sem vinnur að sjálfbærri, mannlegri og efnahagslegri þróun á norðurslóðum. Jafnframt hefði þingmannanefndin boðið börnum á aldrinum 14–16 ára á norðurslóðum að taka þátt í ritgerðarsamkeppni um geðheilbrigði.

Annað mál á dagskrá var umræða um skipulagningu næstu ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem fyrirhugað er að halda í Nuuk á Grænlandi 2.–5. september 2022. Formaður nefndarinnar lagði til að þrjú þemu yrðu til umræðu: Í fyrsta lagi þjóðir norðurslóða, í öðru lagi loftslagsbreytingar á norðurslóðum og í þriðja lagi efnahagsleg sjálfbærni á norðurslóðum. Þá greindi hún frá því að ráðstefnunni yrði streymt á YouTube og formlegt boð og frekari upplýsingar yrðu sendar út í lok maí nk.

Að lokum ræddu nefndarmenn stöðu mála í aðildarríkjunum með áherslu á heimsfaraldur COVID-19. Larsen sagði frá skipun nýrrar ríkisstjórnar á Grænlandi og að Danmörk hefði gefið út nýja stefnu í utanríkismálum. Hún sagðist vonast til þess að spenna í öryggismálum í öðrum heimshlutum myndi ekki hafa áhrif á norðurslóðir. Enn fremur að meiri hætta virtist vera á flóðbylgjum (*tsunami*) af völdum loftslagsbreytinga en áður á ákveðnum hluta Grænlands. Þá sagði hún að um 75% Grænlandinga væru bólusett gegn COVID-19. Kanadíska þingkonan Yvonne Jones sagði ástandið í landinu varðandi COVID-19 fara batnandi og um 90% íbúa væru bólusett og 80% fullbólusett. Þá væri gott samstarf við samtök frumbyggja í Kanada.

Finnland hefur samþykkt nýja norðurslóðastefnu til ársins 2030. Þar er áhersla lögð á náttúruvernd, réttindi frumbyggja og ýmsar aðgerðir gegn lofslagsbreytingum. Einnig er

sjónum beint að ferðaþjónustu á norðurslóðum og málefnum Sama. Þá stefnir Finnland að því að aflétta ýmsum takmörkunum vegna COVID-19 á næstunni en um 80% íbúa þar eru bólusett.

Rússland fer með formennsku í Norðurskautsráðinu þar til í maí 2023 og leggur megináherslu á fjögur atriði í formennskuáætlun. Í fyrsta lagi fólkið á norðurslóðum, þar á meðal frumbyggja, en áhersla verður lögð á að efla sjálfbærni, seiglu og lífvænleika norðurskautssamfélaganna og aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga, auk vellíðanar, bættrar heilsu, menntunar og lífsgæða íbúa norðurskautsins. Í öðru lagi umhverfisvernd, þ.m.t. aðgerðir vegna loftslagsbreytinga en haldið verði áfram með það verkefni að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Í þriðja lagi félags- og efnahagsþróun þar sem m.a. verður lögð áhersla á að efla efnahagslegt samstarf á svæðinu, þróun orkuinnviða og sjálfbærar flutningaleiðir, þ.m.t. siglingar. Í fjórða lagi að efla Norðurskautsráðið og halda áfram að styðja við ráðið sem leiðandi vettvang fyrir alþjóðlegt norðurskautssamstarf. Jafnframt hafa Rússar viðurkennt fiskveiðiréttindi Sama á rússnesku hafsvæði.

Öldungardeildarþingkonan Lisa Murkowski og varaformaður nefndarinnar greindi frá því að bólusetningar gengju vel í Bandaríkjunum. Hún sagði neikvæð efnahagsáhrif faraldursins mikil og sérstaklega í dreifbýli. Félagsleg einangrun væri vaxandi vandamál og spenna ríkti í ferðamannageiranum. Enn fremur sagði hún nýja ríkisstjórn Joes Bidens horfa til þeirra stefnu sem ríkisstjórn Obama mótaði þar sem mikil áhersla hefði verið lögð á aðgerðir vegna loftslagsbreytinga. Það að John F. Kerry hefði verið skipaður sérlegur erindreki Bandaríkjastjórnar í loftslagsmálum og að Bandaríkin væru aftur orðin aðili að Parísarsáttmálanum væru skýr merki um aukna áherslu á málaflokkinn.

Líneik Anna Sævarsdóttir, nýr formaður Íslandsdeildar, greindi frá niðurstöðum kosninga til Alþingis sem fóru fram 25. september sl. og skipan ríkisstjórnar. Þá sagði hún frá nýrri stefnu Íslands í málefnum norðurslóða sem var samþykkt sem þingsályktun 19. maí 2021. Áhersluatriði stefnunnar eru m.a. að Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um málefni norðurslóða, styðji áfram við Norðurskautsráðið og kynni það sem mikilvægasta samráðs- og samstarfsvettvanginn um málefni sem snerta norðurslóðir. Einnig er mikil áhersla lögð á að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Líneik sagði jafnframt frá því að Ísland hefði lokið formennskutímabili sínu í Norðurskautsráðsins og Rússland tekið við formennskunni á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins sem fram fór í Reykjavík 20. maí 2021. Á fundinum í Reykjavík hefðu norðurskautsráðherrarnir skrifað undir metnaðarfulla ráðherraýfirlýsingu sem gæfi skýr skilaboð um mikilvægi umhverfisverndar og ríka áherslu á að berjast gegn loftslagsbreytingum og bregðast við afleiðingum þeirra. Sterk yfirlýsing sem þessi væri sérstaklega mikilvæg þar sem ekki hefði náðst samstaða um yfirlýsingu ráðherra á ráðherrafundinum í Rovaniemi 2019. Jafnframt komust ráðherrarnir að samkomulagi um framtíðarstefnu fyrir Norðurskautsráðið til næstu 10 ára. Var það í fyrsta skipti sem áætlun um slíka framtíðarstefnu hefur verið samþykkt, en ráðherrarnir kölluðu fyrst eftir henni á fundi sínum í Fairbanks árið 2017.

Einnig vakti Líneik athygli nefndarmanna á útgáfu skýrslu um jafnréttismál á norðurslóðum sem unnin var í formennskutíð Íslands í Norðurskautsráðinu. Skýrslan tekur saman efni, upplýsingar og sérfræðipækkingu til að veita yfirsýn yfir kynbundin málefni á norðurslóðum og stuðlar að því að fylla upp í þekkingareyður um efnið. Í skýrslunni er leitast við að bera kennsl á ný viðfangsefni, forgangsroðun og aðferðir sem styðja við kynjajafnvægi og aukinn fjölbreytileika. Að lokum greindi Líneik frá því að íslensk stjórnvöld ætluðu að aflétta öllum innlendum höftum vegna COVID-19 fyrir miðjan mars 2022 og að 77% þjóðarinnar væru bólusett.

Næsti fundur þingmannanefndarinnar er fyrirhugaður í Washington 12.–13. maí nk.